

þykir hæfilegt að miða við 700.00 króna mánaðartekjur, eins og stefnandi gerir. Verður tjón stefnanda undir þessum lið i samræmi við þetta því talið kr. 4500.00.

Um 3. Þegar athugað eru meiðsli stefnanda, varanleiki þeirra, 8—9 mánuðir, aldur stefnanda, en hann er fæddur 4. marz 1917, og loks það, sem tryggingalæknirinn segir um varanlega örorku hans, þá þykja bætturnar undir þessum lið hæfilega metnar kr. 6000.00.

Samtals telst því tjón stefnanda af umræddu slysi kr. 272.85 + kr. 4500.00 + kr. 6000.00, eða kr. 10772.85. Af þeirri fjárhæð ber samkvæmt framansögðu að dæma stefndu óskipt til að greiða tvo þriðju, eða kr. 7181.90, enda hefur sú varnarástæða þeirra, að Friðþjófur hafi i umrætt skipti notað bifreiðina i heimildarleysi, ekki við rök að styðjast, þar eð sannað er, að hann hafði hana að láni frá bifreiðarstjóra þeim, er ók henni að jafnaði fyrir stefndu. Vexti verða stefndir dæmdir til að greiða eftir kröfu stefnanda svo og málskostnað, en fjárhæð hans þykir hæfilega ákveðin kr. 800.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndir, Andrés og Bjarni Blomsterberg, greiði óskipt stefnandanum, Jóni Markússyni, kr. 7181.90 með 5% ársvöxtum frá 8. apríl 1942 til greiðsludags og kr. 800.00 i málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 19. marz 1943.

Nr. 92/1941. **Jóhannes J. Reykdal** (Theódór B. Lindal)
gegn

Mjólkurbúi Hafnarfjarðar og gagnsök
(Sigurgeir Sigurjónsson).

Ómerking og vísun máls heim i hérað.

Dómur hæstaréttar.

Mál þetta var þingfest 5. marz 1940. Komu þá ekki fram neinar greinargerðir af hálfu aðilja, sbr. 105. gr. og 106. gr. laga nr. 85/1936. Dómari kvað ekki á um, hvort málið skyldi munnlega eða skriflega flutt á því stigi málsins, sem boðið er i 109. gr. sömu laga, né veitti þá aðiljum sam-eiginlegan frest til öflunar sakargagna. Í stað þessa fá

umboðsmenn aðilja fresti á vixl og skiptast á alls 7 skriflegum sóknum og vörnum auk langrar skriflegrar skýrslu frá stefnanda sjálfum. Loks er í réttarhaldi 21. jan. 1941 ákveðinn skriflegur málflutningur, og eftir það skilar stefndi einu varnarskjali.

Í máli þessu hafa verið lagðir fram mjög óglöggir reikningar stefnanda, sem ekki eru í fullu samræmi sín á milli. Var því dómara full nauðsyn að kalla aðiljana fyrir sig og krefja þá skýrslna um einstaka reikningsliði samkvæmt 114. gr. laga nr. 85/1936. Mótmæli og málsástæður umboðsmanns stefnda í héraði, sem var ólöglerður, voru óljós. Átti dómari því að leiðbeina honum samkvæmt nefndri lagagrein einkum um upphafstíma fyrningar og mótmæli gegn einstökum reikningsliðum.

Vegna framangreindra galla þykir verða að ómerkja meðferð málsins í héraði frá þingfestingu þess 5. marz 1940 og héraðsdóminn og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Málið var dómtekið í héraði 4. febrúar 1941, en dómur ekki kveðinn upp í því fyrr en 13. ágúst s. á. Verður að víta drátt þenna, sem ekki er nægilega réttlættur, svo og aðra áðurgreinda galla á meðferð málsins.

Því dæmist rétt vera:

Meðferð máls þessa í héraði frá þinghaldi 5. marz 1940 og héraðsdómur skulu vera ómerk, og visast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 13. ágúst 1941.

Ár 1941, miðvikudaginn 13. ágúst, var í bæjarþingi Hafnarfjarðararkaupstaðar, sem haldið var á skrifstofu embættisins af Bergi Jónssyni bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í ofangreindu máli, sem dómtekið var hinn 4. febr. 1941.

Mál þetta er, að undangenginni árangurslausri sáttaumleitun,

höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 26. febrúar 1940, af Jóhannesi J. Reykdal, til heimilis að Þórsbergi í Garðahreppi, gegn stjórn Mjólkurbús Hafnarfjarðar, þeim Gunnlaugi Kristmundssyni sandgræðslustjóra, Brekkugötu 12, Ólafi Runólfssyni kaupmanni, Strandgötu 17, og Ólafi H. Jónssyni kaupmanni, Austurgötu 2, til greiðslu á skuld, kr. 3462.82, ásamt 5% ársvöxtum frá 1. janúar 1937 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu eftir taxa Málflutningsmannafélags Íslands.

Stefndur krafðist þess, að málinu yrði vísað frá réttinum vegna aðildarskorts stefnanda, en undir rekstri málsins hefur hann fallið frá þeirri kröfu.

Dá hefur hann aðallega krafizt þess að verða algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda, þar sem umstefnd skuld sé fyrnd.

Til vara hefur stefndur krafizt þess, að hann verði sýknaður af kröfu stefnanda um greiðslu kostnaðar við för stefnanda til Danmerkur og aðeins dæmdur til að greiða kr. 1600.00, sem samþykkt var að greiða stefnanda á félagsfundi sem fullnaðargreiðslu á vinnu hans og ferðakostnaði.

Loks hefur hann mótmælt því, að hann verði skyldaður til að greiða vexti.

Hann hefur einnig gert kröfu til þess, að stefnandi yrði dæmdur til að greiða kostnað málsins.

Málavextir eru þessir:

Árið 1935 tók stefnandi að sér umsjón með byggingu á mjólkurstöð fyrir stefndan og að kynna sér mjólkurvinnsluvélar til stöðvarinnar. Sigldi hann til Danmerkur 1. marz þ. á., og taldi hann stefndum skylt að greiða sér allan kostnað við þá för. Þegar byggingu stöðvarinnar var lokið, reis ágreiningur milli aðilja um uppgæð viðskipta þeirra. Taldi stefnandi sig eiga umstefnda upphæð hjá stefndum, að undanskildum tveimur upphæðum, samtals kr. 225.00, sem hann síðar skuldaði stefndan fyrir, en stefndur vildi ekki greiða stefnanda nema kr. 1600.00 sem fullnaðargreiðslu.

Um áramótin 1937 gerði stefnandi gjafabréf til handa fátækum börnum í Hafnarfirði, sem hljóðaði um megnið af umstefndri skuld. Reikning á stefndan fyrir þeirri upphæð afhenti stefnandi bæjarstjóranum í Hafnarfirði, og lá reikningurinn hjá honum í rúmlega tvö ár, án þess að upphæðin innheimtist. Síðan afhenti stefnandi reikninginn til kvenfélagsins Hringsins, og þar lá hann til áramóta 1939—1940, án þess að hafizt væri handa.

Stefnandi hefur haldið því fram, að viðurkenndar væru af stefndum kr. 2137.82 af umstefndri upphæð og einnig kr. 75.00 fyrir vatnskassa og kr. 150.00 fyrir sandtöku, sem stefnandi kveðst hafa gleymt að færa á sinum tíma, en upphæðir þessar hafi stjórn mjólkurbúsins viðurkennt á sáttafundinum. Í málinu sé því raunverulega aðeins deilt um kr. 1100.00, ferðakostnað sinn til Dan-

merkur. Þessu hefur stefndur algerlega mótmælt og vísað til útdráttar úr fundarbók félagsins frá fundi 20. maí 1936, þar sem samþykkt er tillaga á þá leið, að stefnanda yrði greiddar kr. 1600.00 fyrir alla umsjón með byggingu mjólkurstöðvarinnar í stað 500—600 króna, sem hann bauðst til að gera þessi verk fyrir, en kostnaður við siglingu hans til Danmerkur félli niður. Samþykkt þessi var ítrekuð á fundi 31. desember 1936.

Stefnandi hefur haldið því fram, að á fundinum 20. maí 1936 hafi reikningur hans verið samþykktur með öllum atkvæðum gegn einu, en við athugun á útdráttunum úr fundargerðabókinni sést, að hér er um að ræða samþykkt á stofnkostnaðarreikningi stöðvarinnar, en hann hafði verið lagður fram á fundi í apríl og nam þá kr. 90448.94.

Stefnandi hefur haldið því fram, að stefndur hafi falið honum að fara til Danmerkur til þess að festa kaup á vélum til mjólkurstöðvarinnar, og hefur hann vitnað í fundabók stefnda. Í fundargerð 27. febrúar 1935 er bókað á þessa leið: „Rætt var um, að Reykdal kynnti sér vélar til búsinns erlendis, þar sem hann hafði ákveðið að sigla til Danmerkur 1. marz n. k.“ Hefur stefnandi haldið því fram, að hann hafi eingöngu farið förina í þarfir búsinns, en hefur þó viðurkennt, að ekki hafi beint verið rætt um kostnaðarlið við utanför sína í marz 1935. Ofangreind bókun ber það með sér, að stjórn búsinns hefur gengið út frá því, að stefnandi ætlaði í eigin erindum erlendis, sbr. orðin: „þar sem hann hafði ákveðið að sigla o. s. frv.“, og verður engan veginn lagður sá skilningur í ofangreinda bókun, að stefndur hafi fengið stefnanda til þess að festa kaup á vélum til stöðvarinnar, heldur er þar aðeins um að ræða umtal um, að stefnandi kynnti sér vélar og legði þá að sjálf-sögðu þær upplýsingar fyrir félagsstjórnina. Fyrir þetta átti hann að sjálf-sögðu einhverja þóknun, en ekki verður séð, að nein sanngirni mæli með því, að stefndur greiði nema lítinn hluta ferðakostnaðar stefnanda, og hefur félagsfundur talið það ómak fullborgað innifalið í þeim 1600 krónum, sem stefndi bauðst til að greiða stefnanda fyrir umsjón alla, ferðakostnað o. fl., og fellst rétturinn á, að svo sé.

Stefndur hefur aðallega krafizt sýknu sökum þess, að krafa stefnanda sé fyrnd, þó að því undanskildu, að hann viðurkennir kr. 1600.00 af hinni umstefndu upphæð. Það skal fram tekið, að ekki verður séð af skjölum málsins, hvenær umstefnd skuld byrjaði að fyrnast, og virðist krafa stefnds um sýknu af þessari ástæðu ekki vera á rökum byggð.

Stefndur hefur mótmælt stefnukröfunum á þeim grundvelli enn fremur, að frumgögn hafi ekki verið lögð fram. Í málinu hafa verið lögð fram tvö reikningsyfirlit stefnanda, rskj. nr. 3 og 14, um greiðslur til ýmissa manna vegna stefnds og kostnað stefnu-

anda. Hefur stefndur haldið því fram, að sumar upphæðirnar séu tvífarðar sér til skuldar á reikningsyfirlitinu, og hefur hann vitnað til rskj. 14, liðanna 3, 13 og 22, og haldið því fram, að sömu upphæðir væru síðan aftur skuldaðar undir 21. lið. Virðist stefndur, eftir því sem fyrir liggur, hafa rétt fyrir sér, að því er þetta snertir. Stefndur hefur bent á, að mikið af upphæðum þeim, sem færðar eru á yfirlit stefnanda, séu sagðar greiðslur til þriðja manns, án þess að rök séu færð fyrir því. Hefur stefndur mótmælt rskj. nr. 3 sem markleysu án nokkurra sönnunargagna eða frumheimilda. Þrátt fyrir þessi mótmæli stefnds hefur stefnandi ekki lagt fram kvittanir eða önnur sönnunargögn fyrir því, að greiðslurnar hafi átt sér stað. Rskj. nr. 3 hefst t. d. á eftirfarandi færslu: „Pr. Útborganir úr sjóði umfram innborganir kr. 1704.53, og verður ekki séð, hvers konar greiðslur hér er um að ræða, og er þessi upphæð ekki færð á rskj. nr. 14. Sá reikningur stefnanda er þó dags. 31. marz 1936, þar sem hins vegar rskj. nr. 3 er ekki dagsett fyrr en 28. des. 1939. Á þessu misræmi hefur ekki verið gefin nein skýring.

Að öllu athuguðu verður rétturinn að lita svo á, að stefnandi hafi ekki gegn mótmælum stefnds gert fullnægjandi grein fyrir kröfum sínum.

Samkvæmt framansögðu ber að dæma stefndan til að greiða stefnanda kr. 1600.00.

Með því að fallast verður á þær röksemdir, sem stefndur hefur fært fram fyrir því, að honum beri ekki að greiða vexti, verður vaxtakrafa stefnanda ekki tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dráttur sá, er orðið hefur á dómsuppsögu í máli þessu, stafar af veikindum dómars, þingsetu um margra mánaða skeið og síðan önnum vegna undirbúnings að manntalsþingum og manntalsþingahaldi.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndur, stjórn Mjólkurbús Hafnarfjarðar, greiði stefnanda, Jóhannesi J. Reykdal, kr. 1600.00 innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður falli niður.